

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2019

2022/EES/74/02

frá 14. júní 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/65 frá 14. janúar 2019 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB í tengslum við þá stöðu að vera opinberlega laus við berkla og opinberlega laus við öldusótt og á II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE í tengslum við þá stöðu að tiltekin svæði á Spáni séu opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/81 frá 17. janúar 2019 um breytingu á I. viðauka við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2008 um varnarráðstafanir vegna heilbrigðis dýra í tengslum við húðþrymlaveiki í tilteknum aðildarríkjum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og segir í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við í 152. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2008) í hluta 1.2:
„– **32019 D 0081:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/81 frá 17. janúar 2019 (Stjtíð. ESB L 18, 21.1.2019, bls. 43).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:
„– **32019 D 0065:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/65 frá 14. janúar 2019 (Stjtíð. ESB L 13, 16.1.2019, bls. 8).“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvæðana (ESB) nr. 2019/65 og (ESB) nr. 2019/81, sem verður birtur í EES-
viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 13, 16.1.2019, bls. 8.⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 18, 21.1.2019, bls. 43.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.